



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

SA/ae

Rvk. 7.5. 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 974. mál., eignarhald á fjölmiðlum.

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum, 974. mál. Í frumvarpinu felst að óheimilt verður að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig verður óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi, sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamsteypu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta, eða í tengslum við dagblaðaútgáfu.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við það að sett verði almenn löggjöf um þessi efni. Skipulag fjölmiðlunar og eignarhald á fjölmiðlum er stórmál fyrir þróun íslensks samfélags og því er eðlilegt að Alþingi fjalli um það hvaða lagareglur eigi að gilda um eignarhald fjölmiðla í framtíðinni, eins og víða virðist gert í öðrum löndum. Sú leið frumvarpsins að hafa áhrif á uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins í gegnum úthlutun tímabundinna opinberra leyfa til útvarpsreksturs þykir eðlileg.

Samtökin telja hins vegar að skoða verði sérstaklega þau ákvæði frumvarpsins sem banna alveg ákveðnum aðilum að eiga hlut í útvarpsfyrirtækjum, hvort sem er vegna markaðaráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta, eða vegna tengsla við dagblaðaútgáfu. Mætti hugsanlega líta í þessu sambandi til ákvæða laga um fjármálafyrirtæki um það hvað teljist vera virkur eignarhlutur í þeim fyrirtækjum, eða til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, varðandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða.

Varðandi ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða telja samtökin eðlilegast að lögin verði virk við útgáfu nýrra útvarpsleyfa, en ekki eigi að vera heimild til afturköllunar gildandi útvarpsleyfa áður en þau renna út.

Loks vilja samtökin undirstrika, þótt málefni RUV séu ekki viðfangsefni þessa frumvarps, að brýnt er að jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila á útvarpsmarkaðnum. Breytingar í þeim efnum eru forsenda heilbrigðs rekstrargrundvallar í útvarpsrekstri á Íslandi. Í þessu sambandi vísar SA í jákvæða umsögn sína um 337. mál um breytingu á RUV í hlutafélag.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald frkvstj.